Endurskoðunaráætlun 2019-2021

Innri endurskoðun Háskóla Íslands

1 ENDURSKOÐUNARÁÆTLUN 2019-2021

1.1 ALÞJÓÐLEGIR STAÐLAR UM INNRI ENDURSKOÐUN

Samkvæmt alþjóðlegum stöðlum um innri endurskoðun skal innri endurskoðandi koma á áhættumiðaðri áætlun til að ákvarða forgangsröðun sinna verkefna í samræmi við meginmarkmið viðkomandi stofnunar. Verkefnaáætlun skal vera gerð á grundvelli skjalfests áhættumats, sem er gert að minnsta kosti árlega. Við þróun á áhættumiðaðri áætlun skal hafa samráð við stjórnendur og háskólaráð og uppfæra áætlunina eins og þörf krefur.

1.2 MEGINFERLI ÁÆTLUNARGERÐARINNAR

Endurskoðunaráætlun 2019-2021 er byggð á áhættumati sem tekur til helstu verkefna fræðasviða og sameiginlegrar stjórnsýslu Háskóla Íslands. Einnig var rætt við ytri endurskoðanda háskólans og aðra úttektaraðila og óskað eftir tillögum um úttektarefni frá aðstoðarrektorum. Niðurstöður áhættumatsins voru ræddar við framkvæmdastjóra sameiginlegrar stjórnsýslu og rektor Háskóla Íslands. Viðfangsefni úttekta á endurskoðunaráætlun voru valin út frá niðurstöðu þessarar vinnu. Drög að endurskoðunaráætlun 2019-2021 og fjárhagsáætlun fyrir innri endurskoðun árið 2019 voru send til umsagnar til forseta fræðasviða, aðstoðarrektora, framkvæmdastjóra og sviðsstjóra sameiginlegrar stjórnsýslu og þeim gefið tækifæri til að koma á framfæri athugasemdum sínum. Áætlanirnar voru síðan lagðar fyrir háskólaráð til umræðu og samþykktar.

Eftirtaldir starfsmenn komu að gerð áhættumatsins:

Aðalbjörg Lúthersdóttir, rekstrarstjóri Félagsvísindasviðs
Ásta Möller, sviðsstjóri starfsmannasviðs
Björg Gísladóttir, rekstrarstjóri Menntavísindasviðs
Daði Már Kristófersson, forseti Félagsvísindasviðs
Eva Dagmar Steinsson, deildarstjóri launadeildar
Guðbjörg Linda Rafnsdóttir, aðstoðarrektor vísinda
Guðmundur H. Kjærnested, sviðsstjóri upplýsingatæknisviðs
Guðmundur R. Jónsson, framkvæmdastjóri sameiginlegrar stjórnsýslu
Guðrún Margrét Eysteinsdóttir, starfandi sviðsstjóri starfsmannasviðs
Halldór Jónsson, sviðsstjóri vísinda- og nýsköpunarsviðs
Inga Þórsdóttir, forseti Heilbrigðisvísindasviðs
Jenný Bára Jensdóttir, sviðsstjóri fjármálasviðs
Jón Atli Benediktsson, rektor Háskóla Íslands
Kolbrún Þorbjörg Pálsdóttir, forseti Menntavísindasviðs
Magnús Diðrik Baldursson, skrifstofustjóri rektorsskrifstofu
Óskar Einarsson, rekstrarstjóri Hugvísindasviðs
Sigríður Sigurðardóttir, sviðsstjóri framkvæmdasviðs
Sigurlaug Ingibjörg Lövdahl, skrifstofustjóri framkvæmdasviðs
Steinunn Gestsdóttir, aðstoðarrektor kennslu og þróunar
Svala Sigvaldadóttir, deildarstjóri reikningshalds
Vilborg Lofts, rekstrarstjóri Heilbrigðisvísindasviðs
auk annarra deildarstjóra og starfsmanna sviðanna

Tafla 1.2. Endurskoðunaráætlun 2019-2021

2019	Klst. / Skil	2020	Klst. /Skil	2021	Klst./ Skil
Launavinnsla (í vinnslu)	350 klst. / Á 1.-2. ársfj.	**Fjárhagsáætlanagerð og eftirlit með miðlægri stjórnsýslu**	350 klst./ Á 2.-3. ársfj.	**Stjórnun og rekstur rannsóknastofnana**	350 klst. / Á 1.-2. ársfj.
Starfsmannamál og ráðgjöf (einelti, kynferðisleg áreitni, önnur erfið mál)	350 klst. / Á 2.-3. ársfj.	**Framgangur og árlegt mat akademískra starfsmanna (rannsóknastig)**	350 klst. / Á 3.-4. ársfj.	**Gæðaeftirlit kennslu og þjónustu við nemendur**	350 klst./ Á 2.-3. ársfj.
Upplýsingaöryggismál /Persónuverndarlöggjöfin (GDPR)	350 klst. / Á 4. ársfj. eða í byrjun árs 2020			**Rekstur og viðhald fasteigna**	350 klst./ Á 4. ársfj. eða í byrjun árs 2022
Jafnlaunavottun	80 klst. / Á 1. ársfj.	**Jafnlaunavottun**	80 klst. / Á 1. ársfj.	**Jafnlaunavottun**	80 klst. / 1. ársfj.
Eftirfylgnikönnun	150 klst. / Á 3.-4. ársfj.	**Eftirfylgnikönnun**	150 klst. / Á 2.-3. ársfj.	**Eftirfylgnikönnun**	150 klst. / Á 3.-4p. ársfj.
Ráðgjöf til háskólaráðs og stjórnenda	200 klst. / tilfallandi verkefni	**Ráðgjöf** til háskólaráðs og stjórnenda	200 klst. / tilfallandi verkefni	**Ráðgjöf** til háskólaráðs og stjórnenda	200 klst. / tilfallandi verkefni

Skýringar með verkefnum 2019

- **Launavinnsla og greiðslur fyrir nefndarstörf.** Úttektin er í vinnslu og verður farið í samþykktarferla, afstemmingar, fylgni við lög og reglur, starfaaðgreiningu og heimildir í launabókhaldinu. Áhersla verður lögð á greiðslur til stundakennara og nefndargreiðslur til starfsmanna.
- **Starfsmannamál og ráðgjöf.** Farið verður í skoðun á verklagsreglum um kynferðislega áreitni og einelti og ráðgjöf í erfiðum starfsmannamálum.
- **Upplýsingaöryggismál / GDPR.** Könnuð verður staða upplýsingaöryggismála (ISO 27001) og innleiðingar á persónuverndarlöggjöfinni (GDPR).
- **Jafnlaunavottun.** Innri úttektir á jafnlaunakerfi Háskóla Íslands, skýrslugjöf og niðurstöður kynntar fyrir stjórnendum.
- **Eftirfylgni með tillögum fyrri ára.** Könnun á viðbrögðum stjórnenda við tillögum til úrbóta í fyrri úttektum innri endurskoðunar.
- **Ráðgjöf til háskólaráðs og stjórnenda.** Tilfallandi verkefni og ráðgjöf sem kemur á borð innri endurskoðanda.

SIGILLUM UNIVERSITATIS ISLANDIAE